

Miðvikudaginn 30. september 1942.

Nr. 76/1942. **Markús Einarsson**  
 gegn

**M. Thorlacius f. h. firmans Bentley.**

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Markús Einarsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1942.

Nr. 16/1942. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson)  
 gegn

**Luðvig Guðmundssyni og Andrésí Ágúst  
 Jónssyni** (Lárus Jóhannesson).

Ólöghæfur maður látinn fást við iðnaðarvinnu.

**Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sýknu- og refsíákvæði hans.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að kærður Luðvig greiði að hálfu allan sakarkostnað málsins fyrir báðum dómum, þar á meðal helming allra málflutningslauna, en að hálfu greiðist kostnaðurinn úr rikissjóði. Ákveðast laun talsmanns kærðu í héraði kr. 120.00 og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti kr. 200.00 til hvors.

Það er vítavert, að málum hinna kærðu var steypst saman, þar sem þau voru að engu leyti samtengd.

**Því dæmist rétt vera:**

Sýknu- og sektarákvæði hins áfrýjaða dóms eiga að vera óröskuð.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist að hálfu af kærða Luðvig Guðmundssyni og að hálfu úr rikissjóði, þar með talin laun talsmanns kærðu í héraði, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.00, og málsflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 5. nóvember 1941.**

Ár 1941, miðvikudaginn 5. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Ragnari Jónssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3173—3174/1941: Valdstjórnin gegn Luðvig Guðmundssyni og Andrésí Ágúst Jónssyni.

Málið er höfðað gegn kærðum fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnað nr. 18 1927, sbr. lög nr. 105 1936. Rannsókn þess var hafin samkvæmt kæru Rafvirkjafélags Reykjavíkur. Það var dómtekið 20. okt. s. l.

Kærðir eru þeir Luðvig Guðmundsson rafvirkjameistari, til heimilis Laugavegi 46 hér í bæ, fæddur 20. júlí 1915 hér í bæ, og Andrés Ágúst Jónsson rafvirkjameistari, Týsgötu 3 hér í bæ, fæddur 28. júní 1907 hér í bæ. Hvorugur þeirra hefur sætt refsingu, svo kunnugt sé.

Í kæru rafvirkjafélagsins var kærðum gefið það að sök, að þeir hefðu í þjónustu sinni „ófaglærða menn“ og notuðu þá „til fagvinnu, alveg eins og um faglærða iðnaðarmenn væri að ræða.“

Um þetta hefur eftirfarandi upplýst.

1) Andrés Ágúst Jónsson hefur m. a. haft í þjónustu sinni 4 símamenn og látið þá starfa að línulagningum fyrir setuliðið undir forsögn rafvirkja. Voru símamennirnir aðallega látnir grafa fyrir staurum, festa isolatora á staura og ganga frá línunni.

2) Luðvig Guðmundsson hafði m. a. í þjónustu sinni 3 verkamenn, er hann lét vinna að lagningu útilína, til aðstoðar sveinum sínum, við að bora fyrir staurum, setja þá upp, festa isolatora á staura og veggj og strengja útilínur.

3) Luðvig Guðmundsson hafði í þjónustu sinni nafngreindan mann, er unnið hafði sem nemandi í iðninni í 2½ ár, án þess þó að um það væri gerður námssamningur, og síðan unnið að rafvirkjastörfum á ýmsum stöðum um nokkurt skeið án þess að hafa

iðnréttindi í rafvirkjun. Mann þennan lét hann vinna rafvirkjastörf við bráðabirgðalagnir í hermanskálum.

Rétturinn hefur leitað umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur og Rafmagnseftirlits ríkisins um mál þetta. Er það álit iðnráðsins, að „óheimilt“ sé „að nota verkamenn til að setja upp isolatora og strengja línur, þar sem ótvírætt verður að telja þetta rafvirkjastörf“. Bendir iðnráðið á, að þau störf séu talin meðal verkefna við verklegt próf í rafvirkjaiðn í reglugerð um iðnaðarnám frá 31. des. 1928.

Rafmagnseftirlit ríkisins upplýsir aftur á móti, að það sé algeng venja bæði hér á landi og erlendis að hafa verkamenn til aðstoðar iðnlærðum mönnum við línulagningar. Telur stofnunin, eftir að hafa kynnt sér það, sem upplýst var í rannsókninni, að í henni komi ekkert það fram, er beri „það með sér, að óiðnlærðir menn hafi verið látnir vinna eiginleg rafvirkjastörf“, að undanteknum störfum manns þess, er getur í 3. lið.

Að fengnum þessum upplýsingum um tíðkanlega venju um aðstoðarstörf hjá rafvirkjum, verður starfsemi sú, er kærðir hafa rekið og lýst er undir 1. og 2., ekki talin þeim til sakfellingar samkvæmt iðnlögunum. Aftur þykir Luðvig Guðmundsson hafa gerzt sekur við 15. gr. 5. tl. laga nr. 105/1936 um breyting á lögum nr. 19 31. maí 1927 um iðju og iðnað og lögum nr. 85 19. júlí 1933 um breyting á þeim lögum með því að hafa tekið mann þann, er greinir í 3. lið, til almennra rafvirkjastarfa, þar sem hann skortir iðnréttindi í rafvirkjun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en aflánist ella í varðhaldi í 7 daga. Hann greiði og kostnað sakarinnar að hálfu, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns og meðkærðs hér fyrir réttinum (sic), Lárusar Jóhannessonar hrm., er ákveðast kr. 80.00. Að hálfu greiðist kostnaður málsins úr ríkissjóði.

Málið hefur verið rekið vítalaut, og rannsókn málsins ber með sér ástæður þær, er legið hafa til dráttar þess, sem á því er orðinn.

#### Því dæmist rétt vera:

Andrés Ágúst Jónsson skal sýkn af kærnum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Luðvig Guðmundsson greiði 100 krónur í sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en aflánist ella í varðhaldi í 7 daga.

Hann greiði og kostnað sakarinnar að hálfu, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns og meðkærðs hér fyrir réttinum (sic), Lárusar Jóhannessonar hrm., kr. 80.00. Að hálfu greiðist kostnaður málsins úr ríkissjóði.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.